

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,
Spöngin austurhluti - Fróðengi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru:

1. Miðsvæði í austurhluta Spangarinnar stækkar til suðurs að Borgarvegi inn á svæði sem áður var opið svæði til sérstakra nota.
2. Mörk íbúðarsvæðis við Fróðengi og Gullengi færast og svæðið stækkar á kostnað stofnanasvæðis Borgarholtsskóla.
3. Tengistígur á mörkum íbúðarsvæðisins og stofnanasvæðisins færast til suðurs í samræmi við núverandi legu hans.
4. Í austurhluta Spangarinnar er skilgreindur nýr þéttingarreitur þar sem gert er ráð fyrir allt að 150 nýjum íbúðum fyrir eldri borgara.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. október 2007.

F. h. r.
Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.